

2

0

2

3



Flugmódelárið



Skjöldur Sigurðsson við 33% Sopwith 1 1/2 Strutter.



Ritstjórinn fangar forsiðufyrirsætuna á minnikubb.

Mynd: Magnús Kristinsson



Tomas Liu, Masanori Ichikawa, Sverrir Gunnlaugsson og Lu Hung Jen á Iceland Open F3F.

Mynd: Hannes Kristinsson



Guðjón Ólafsson setti sig í stellingar fyrir myndatökuna!





Forsíðumyndin er af AS-350 í skalanum 1/8,5 í eigu Lúðvíks Sigurðssonar, sjá umfjöllun á blaðsíðu 26.

Mynd á opnu frá flugi ritstjóra í Hanstholm í sumar og frá Iceland Open F3F.

Mynd: Espen Torp



ÚTGEFANDI  
Frettavefur.net

RITSTJÓRI  
Sverrir Gunnlaugsson

LJÓSMYNDIR  
Sverrir Gunnlaugsson  
nema annars sé getið



Hafðu samband

FRETTAVEFUR.NET  
Klukkuvöllum 10  
221 Hafnarfirði

NETFANG  
ritstjori@frettavefur.net

Fréttavefur.net © 2023  
Allur réttur áskilinn.  
Prentað í Evrópu.

ISSN 2298-8203

# RITSTJÓRARAUS



Fréttavefurinn birtist fyrst á veraldarvefnum árið 1999 og það var svo 2004 sem spjallborð flugmódelmanna opnað.

Líttu endilega við á <https://frettavefur.net> og fylgstu með því helsta sem er að gerast í sportinu bæði hér heima og erlendis.



**P**á hefur níunda tölublaðið af tímariti Fréttavefsins litið dagsins ljós. Það var nóg að gera á þessu fyrsta heila árinu án Covids og vonandi er það endanlega komið í baksýnispegilinn.

Talsvert var um samkomur og mót og verður gerð grein fyrir þeim á síðum blaðsins. Þar ber helst að nefna Iceland Open F3F, Kríumótið, Flotflugkomu FMS, Stríðsfuglaflugkomuna, Piper Cub flugkomuna, flugkomu FMFA á Melgerðismelum og Stórskalaflygkomuna sem er á sínu 38. ári.

Dagana 29. apríl til 1. maí var Iceland Open F3F haldið í annað skiptið en að þessu sinni voru 18 keppendur af 7 þjóðernum mættir til leiks. Kári hefði mátt vera samvinnuþýðari en þó náðist að fljúga 10 umferðir og voru þær allar flognar í Helgafellinu í Mosfellssveit.

Almennt var sumarið nokkuð gott fyrir flugmódelmenn en sviffugmenn voru óheppnir með vindáttir og styrkleika á árinu og langt síðan svona lítið sviffflug var flogið. Tryggingamálin voru líka að stríða en á tímabili voru flugmódel yfir 7,5 kg ekki tryggð en það rættist þó úr undir lok sumars og fengum við þá aftur 25 kg mörkin inn. Þotudeildin tók líka góðan vaxtakipp á árinu og var nýðliðun bæði í olíubrennaradeildinni og hjá hárbólurum (rafmagnsþotur). Af landsbyggðinni er það helst að fréttu að margföldun varð í fjölda flugmódelmanna á Dalvík og verður gaman að fylgjast með þeirri þróun.

Glöggvir lesendur munu einnig reka augun í QR kóða á síðum tímaritsins en það er smá tilraun til að miðla aðeins meiru til lesenda á þessari tækniöld!

Hægt er að nálgast tímaritið sem rafrænt niðurhal á vefnum og eru flugmódelmenn hvattir til að dreifa tenglinum áfram til vina og vandamanna ásamt hverjum þeim sem kynni að hafa áhuga og gaman af að fræðast aðeins um áhugamálið okkar!

SVERRIR GUNNLAUGSSON  
Ritstjóri

# ICELAND OPEN F3F 2023

Myndir: Guðjón Halldórsson, Hannes Kristinsson,  
Magnús Kristinsson & Sverrir Gunnlaugsson



Mynd: GH

Iceland Open F3F 2023 var á dagskrá dagana 29. apríl til og með 1. maí en að þessu sinni mættu 18 keppendur til leiks, 5 frá Englandi, 3 frá Danmörku, 3 frá Íslandi, 3 frá Þýskalandi, 2 frá Taívan, 1 frá Japan og 1 frá Sviss. Ansi alþjóðlegt mót það og margir sem nýttu tækifærið til að ferðast um Ísland, bæði fyrir og eftir mótið, með og án maka.

Laugardagurinn byrjaði bjartur og fagur með bláum skýjum en hitastigið var ansi nálægt frostmarki, þátttakendur voru boðaðir á bílastæði upp á Dvergshöfða þar sem ekki var útséð með hvaða brekka yrði fyrir valinu kvöldinu áður. Þangað mættu menn stundvíslega kl. 8:30 og þar var mótið formlega sett og keppendur fengu afhenta poka með keppnisnúmeri, yfirliti yfir 20 umferðir, merki mótsins og smá íslensku góðgæti. Línur höfðu einnig skýrst með vindinn og blés hann beint á brekkuna í Helgafelli svo þangað var skundað í langri halarófu.

Mynd: MK

Eftir að hafa labbað upp Helgafellið og sett upp keppnisbrautina, sem samanstendur af miðju þaðan sem þátttakendur fljúga milli tveggja hliða sem staðsett eru 50 metra frá á hvora hönd, samtals 100 metra braut sem flogin er 10 leggi á sem styðstum tíma í hverri umferð, þá hófst fyrsta umferð um hálf ellefu. Við lentum í smá vandræðum í byrjun þar sem tengið fyrir hljóðnemasúruruna í keppnistölvunni var orðið slappt en eftir að hafa fundið vandamálið þá var hægt að vinna framhjá því þannig að það olli ekki alltof miklum vandamálum það sem eftir lifði dags.

Vegna þess tók smá tíma að klára fyrstu umferðina með endurflugum en seinni umferðir gengu mun hraðar fyrir sig. Á milli umferða var tekið 5 mínútna hlé og eftir fjórar umferðir, en þar með varð mótið löglegt, þá var tekið hálf tíma hlé en að því loknu var aftur tekið til við flug og náðust þrjár umferðir til viðbótar en samkvæmt dagskrá mótsins voru engar nýjar umferðir flognar



eftir kl. 17. Tvö flug voru undir 40 sekúndum en besta tíma dagsins 38.41s, og mótsins eins og síðar kom í ljós, átti Andy Burgoyne í þriðju umferð. Kvöldið var svo notað í viðgerðir á tenginu fyrir hljóðnemann.

Sunnudagurinn hófst einnig bjartur og fagur en talsvert hlýrri og var hitinn í kringum 5°C. Vindurinn blés kröftuglega á brekkuna og gengu fyrstu umferðirnar nokkuð vel fyrir sig. Viðgerðin á hljóðtenginu tókst vel til og var það ekki til frekari vandræða. Umferðir 8 og 9 kláruðust nokkuð fljótt en eftir því sem leið á umferð 10 fór að sjást lægri vindhraði og tímar keppenda fóru upp á við en uppstreymisbólur áttu nokkuð reglulega leið hjá. En það tókst að ljúka umferðinni og eftir smá fund með flugmönnum var ákveðið að flýta hádegishlénu og sjá til ef vindurinn yrði stöðugur á nýjan leik.

Eftir hádegishléð leit út fyrir að vindurinn væri komin aftur og Peter Gunning var ræstur út sem fyrsti flugmaður í elleftu umferð en um leið og honum var skutlað fram af þá datt vindurinn niður í nánast ekki neitt og hann fór beinustu leið niður, niður, niður! Þökk sé góðum flughæfileikum tókst Peter að halda sér uppi þangað til hann fann uppstreymisbólur og tókst að koma sér upp í nægjanlega hæð til að koma inn og lenda eftir um fjögurra mínútna flug. Eftir um klukkutíma bið þá virtist sem Kári væri ekki á þeim buxunum að halda áfram að blása og því var boðað til fundar og frekari flug blásin af þann daginn um 1400.

Veðurspá mánudagsins var MJÖG breytileg með engum vindi úr öllum áttum þannig að snemma dags keyrðum við að Helgafelli þar sem það virtist líklegasti staðurinn til að fljúga byggt á gögnum úr veðurstöðvum og frá veðurspám. Og viti menn þegar við mættum þá blés vindurinn beint á brekkuna svo brúnin lyftist vel á okkur við það. Á meðan verið var að setja brautina upp týndust þátttakendur á svæðið hver af öðrum en vindurinn fór að breyta stefnunni og dróg talsvert úr honum með mikilli uppstreymisvirkni inn á milli. Þannig að eftir að hafa beðið til að sjá hvort vindurinn yrði stöðugri þá var ákveðið að blása

daginn af. Einn keppenda hóf sig á flug eftir það og eftir um tveggja mínútna flug lenti viðkomandi í stökustu vandræðum með að ná vélinni aftur inn til landingar svo það sýndi sig að ákvörðunin var rétt.

Verðlaunin voru svo afhent við rætur Helgafells og fór verðlaunagripurinn heim til Englands með John Phillips en Bretarnir fimm röðuðu sér í fimm efstu sætin. Sverrir endaði í 8. sæti og var bara nokkuð sáttur með það, Elli tók 15. sætið og Guðjón 18. sætið.

Áhugasamir geta séð frekar greiningu á mótinu á F3XVault, tengill í QR kóða hér að neðan, en í hinum QR kóðunum er einnig að finna meira efni frá mótinu!

Sú ákvörðun var tekin eftir mótið í fyrra að halda Iceland Open F3F annað hvert ár á oddatölu árunum til að vera ekki á sömu árum og heimsmeistaramótið í F3F sem er haldið á sléttu árunum.

Sjáumst á Iceland Open F3F 2025!

Mynd: MK

Mynd: MK



Um fjöllun á Fréttavefnum



F3XVault, úrslit & tölfraði



Vídeo á YouTube



Slæður á YouTube

Mynd: MK



Masanori-san klár í loftið



Siggi & Erik fylgjast vel með



Keppendur fylgdust spennir með á milli þess sem þeir tóku flugið.



Mynd: HK



Að sjálfsgöðu var skellt í hefðbundna hópmynd! Keppendur sátir eftir 180 flug, allar vélar heilar og frábært veður þó kalt hafi verið.



Mynd: GH



Mynd: GH



Erik skutlar fyrir Guðjón.



Erlingur klár í flug.



Mikkel klár í að ræsa út Søren föður sinn.



Christian, John, Stefan og Peter



Tomas Liu frá Taivan



2. sæti Peter Gunning

1. sæti John Phillips

3. sæti Andy Burgoyne

# FLOTFLUGKVÖLD FMS



Flugmóðelfélag Suðurnesja hélt sína árlegu flotflugkomu í byrjun sumars en að auki voru haldin flotflugkvöld um miðjan mánuðinn yfir sumartímenn.





Umfjöllun frá 13. júní



Umfjöllun frá 15. ágúst



Vídeo á YouTube

# SMÁ(KVÖLD)STUND



Umfjöllun á Fréttavefnum

Nokkrir félagar frá Flugmóðelfélagi Suðurnesja skelltu sér í smá leiðangur austur fyrir fjall með kerru mánudag einn til að kíkja á flugkvöld hjá Smástund. Fengu þeir höfðinglegar móttökur hjá Birgi, Munda og Veigari en mánudagar eru einmitt föst flugkvöld yfir sumartímann hjá þeim í Smástund.






# PIPER CUB FLUGKOMAN



Piper Cub flugkoman var á sínum stað og bauð Pétur viðstöddum upp á Pepsi Max og Prins sem rann ljúflega niður. Eins og nafnið gefur til kynna voru nokkrir Piper Cub á staðnum og kom Sævar með áhugaverðan Cub frá Flite Test.



Umfjöllun á Fréttavefnum



# STRÍÐSFUGLAFLUGKOMA EPE



Hin árlega Stríðsfuglaflugkoma Einars Páls var á sínum stað og var ágætis veður, hiti um 15 gráður, gosmóða og lítill vindur. Fínasta mæting var og mikið flogið og gekk allt áfallalaust fyrir sig. Flugmódelmenn, konur og börn, skemmtu sér konunglega fram eftir degi við flug og spjall.

*Umfiöllun á Fréttavefnum*



Aldrei of snemmt að byrja.



Stukan vakti greinilega mikla lúkku!





Hvar er gosið strákar?



# FLUGKOMA FMFA

Myndir: Sverrir Gunnlaugsson og Guðni Sigurjónsson

Hin árlega flugkoma Flugmóðelfélags Akureyrar á Melgerðismelum var að sjálfsögðu á sínum stað. Hyrnufélögin voru búin að kaupa þetta forláta samkomutjald sem var vel nýtt til samsetningar og kaffidrykkju. Mikið var flogið og spjallað, veitingarnar voru á sínum stað og ófáar vöflur með rjóma runnu ljúft niður og svo var dýrindis lambakjöt grillað ofan í mannskapinn um kvöldið.



Vídeo á YouTube





Mynd: GS



Mynd: GS



Mynd: GS



Mynd af GS





Áhorfendur litu við og nutu dagsins.



Kjartan ánægður með daginn!



Módelin hafa aðeins stækkað hjá Eysteini á síðustu árum...



Hvað ungur nemur, gamall temur!



Hyrnan var vel nýtt og mikið spjallað.



Öldungaráðið



Oh oh oh oh oh...



Finnur gerir sig kláran í móturstillingar á B-25.



Elvar lætur sig dreyma um fleiri flugmódel!

# STÓRSKALAFflugkoma EPE



Stórskalafflugkoman var á sínum stað en þetta var í 38. skiptið sem hún er haldin en sú fyrsta var haldin á Sandskeiði árið 1985. Veðrið var fint í ár og bætti í sólina eftir því sem leið á daginn og var blíðan nýtt í alls konar flug og skemmtilegheit. Sú vél sem vakti án efa mesta athygli, að öðrum ólöstuðum, var Loftleiða Stinson, TF-RVB, sem Bjarni er búinn að vera að vinna í síðustu árin og stýttist óðum í frumflugið á henni. Sjá fleiri myndir af henni á næstu opnu.



Um fjöllun á Fréttavefnum



Kjartan sýnir Einari Páli myndir og Skjöldur fylgist spennur með.







Ingi og Hannes taka út Stinson hjá Bjarna.



Steini sér um samsetninguna á T-28, Gunnar og Árni aðstoða.



Hannes, Pétur og Ingi rifja upp gamla tíma.



Mundi og Veigar spá í spilin.



Þrjár kynslóðir njóta dagsins.



Skjöldur Sigurðsson við 33% Sopwith 1 1/2 Strutter.

# STINSON RELIANT SR-8, TF-RVB




Þetta glæsilega flugmódel af Stinson Reliant fæddist snemma á níunda áratug síðustu aldar í höndunum á Magnúsi Ingólfsyni. Magnús féll frá langt fyrir aldur fram og Einar Páll bjargaði grindinni af módelinu og geymdi í rúm 30 ár. Þá kom Bjarni til sögunnar og ákvað að klára smíðina og koma vélinni á flug og eins og sjá má styttest óðum í það. Fyrirmyndin var önnur vél Loftleiða sem keypt var til landsins haustið 1944. Módelið er 20% af fyrirmyndinni.



Mynd: Halldór Sigurjónsson



Mynd: Hannes Kristinsson



# EUROCOPTER AS350 ÉCUREUIL



Forsíðumyndin er af AS350 í skalanum 1/8,5 í eigu Lúðvíks Sigurðssonar. Vélin kemur frá Roban og er svokölluð 700 stærð af þyrlu en það stendur fyrir mótorklokkinn. Þyrlan er með Savöx mótör sem er knúinn af 12 sellu 5000 mAh LiPo rafhlöðu(44,4V) með 120A hraðastilli. Þvermál þriggja blaða aðalspaðans er 1560 mm en skrokkurinn sjálfur er 1640 mm á lengd. Lúðvík er mjög sáttur við þyrluna og flaug hún 28 flug á árinu.



Vídeó á YouTube





# STÆRSTA ÞOTUSAMKOMA ÍSLANDSSÖGUNNAR

Myndir: Magnús Kristinsson



Vídeo á YouTube

Það lifnaði heldur betur yfir þotudeildinni á árinu, bæði í olíubrennurunum og svo hárblásurunum líka, og nú í september þá var stærsta þotusamkomu Íslandssögunnar út á Arnarvelli. Það vantaði þó í hópinn og hver veit nema þeir mæti næsta sumar þegar stefnt er að því að halda fyrstu formlegu þotuflugkomuna hér á landi.



Umræður á Fréttavefnum



Föngulegur hópur þrýstiloftsknúinna flugmóðela!



Double Trouble eða tvöfaldur tryllingur!

# ÚR ÖLLUM ÁTTUM



Ingólfur kom sterkur inn á árinu.



Guðni og Rafn ræða málin.



Futura vel upplýst í kvöldhúminu.



Mynd: Hannes Kristinnson



Viper 90, frábær hárbílastari!







Sverrir mótsstjóri og Gunnar aðstoðarmótsstjóri önnur kaffir á Iceland Open F3F.





Sko ef við gerum bara svona, svona og svona...





Örninn er næstum því lentur!



Sigþór er einn af framtíðar flugmönnum í sportinu.

